

Ár 2007, miðvikudaginn 18. apríl, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Vinnumálastofnunar

I.

Lög um kjararáð nr. 47/2006 tóku gildi 1. júlí 2006. Verkefni kjararáðs er meðal annars að ákveða laun og starfskjör ríkisstarfsmanna, sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Í lögnum er ekki kveðið nánar á um hverjir það eru, heldur er ráðinu sjálfu ætlað að skera úr um til hverra ákvörðun þess um laun og starfskjör ná. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skulu allir þeir sem féllu undir úrskurðarvald Kjaradóms eða kjaranefndar samkvæmt lögum nr. 120/1992 sæta ákvörðunum þriggja manna kjararáðs, þar til kjararáð hefur ákveðið nánar til hverra þessi háttur á ákvörðun kjara skuli framvegis ná. Forstjóri Vinnumálastofnunar heyrir undir kjararáð samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 15. nóvember 2006 frá forstjóra Vinnumálastofnunar þar sem hann óskaði eftir að launakjör hans yrðu endurskoðuð. Í bréfinu kom fram að Vinnumálastofnun hefði verið starfrækt í rúm níu ár og hefði stofnunin vaxið og dafnað bæði í umfangi og faglegum styrkleika enda væri sífellt verið að færa henni ný verkefni. Gífurlegt álag hefði verið vegna stóraukins flæðis erlends vinnuafls hingað til lands, vegna atvinnuleyfisútgáfu og eftirlits með vinnumarkaðinum. Hinn 1. janúar 2007 tæki stofnunin við rekstri Fæðingarorlofssjóðs og yrði opnuð skrifstofa á Hvammstanga í desember 2006 sem hafa myndi sem aðalverkefni að annast þjónustu vegna fæðingarorlofs. Í marsmánuði 2007 yrði opnuð skrifstofa á Skagaströnd til að annast útreikning og útgreiðslu atvinnuleysisbóta. Þá yrðu starfsmenn stofnunarinnar orðnir um eitthundrað talsins og skrifstofan á Skagaströnd yrði fjórtánda skrifstofan sem starfaði á vegum stofnunarinnar vítt og breitt um landið. Stofnuninni væri með nýendurskoðuðum lögum um vinnumarkaðsaðgerðir ætlað enn víðtækara hlutverk en áður í starfsendurhæfingu þeirra sem standa höllum fæti á vinnumarkaði. Rekstur stofnunarinnar myndi á árinu 2007 kosta um 530 milljónir en veltan yrði þá á milli 13 og 14 milljarðar. Taldi forstjórinn eðlilegt að launakjör hans yrðu miðuð við laun forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins.

Með bréfum dagsettum 22. nóvember 2006 var fjármálaráðuneytinu og félagsmálaráðuneytinu gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum vegna málsins. Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 29. nóvember 2006. Í bréfinu kom ekki fram afstaða til málsins. Í svari félagsmálaráðuneytisins dagsettu 13. desember 2006 tók ráðuneytið undir þau orð forstjórans að verkefni og umfang stofnunarinnar hefði aukist verulega á undanförunum misserum. Auk þess sem fram hefði komið í bréfi forstjórans hefðu nýlega verið samþykkt lög um ættleiðingarstyrki og fljótlega yrði lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra og væri með þeim gert ráð fyrir að stofnuninni yrðu falin enn frekari verkefni. Með vísan til þessa styddi ráðuneytið eindregið að kjör forstjóra Vinnumálastofnunar yrðu tekin til endurskoðunar.

III.

Vinnumálastofnun starfar samkvæmt lögum nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir og lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar. Í 1. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir segir að með vinnumarkaðsaðgerðum sé átt við vinnumiðlun, mat á hæfni atvinnuleitanda og skipulag úrræða sem séu til þess fallin að auka vinnufærni atvinnuleitanda. Markmið laganna er að veita einstaklingum viðeigandi aðstoð til að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði. Þá er lögnum ætlað að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu. Í 4. gr. laganna segir að Vinnumálastofnun annist framkvæmd laganna í umboði félagsmálaráðherra. Stofnunin annist jafnframt önnur þau verkefni sem henni séu falin með sérlögum. Þá skuli stofnunin reka þjónustustöðvar og ákveði félagsmálaráðherra hvar á landinu þær skuli vera að fenginni umsögn forstjóra og stjórnar stofnunarinnar. Í athugasemdum með frumvarpi til laga um vinnumarkaðsaðgerðir segir að gert sé ráð fyrir að Vinnumálastofnun annist meðal annars framkvæmd atvinnuleysistrygginga, útgáfu atvinnuleyfa til útlendinga, framkvæmd laga um fæðingar- og foreldraorlof og laga um starfsmannaleigur samkvæmt sérlögum er um þessi atriði gilda. Auk þess sé gert ráð fyrir að stofnunin haldi áfram að sjá um söfnun, vinnslu og miðlun upplýsinga um stöðu og horfur á vinnumarkaði sem og framkvæmd sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið að því er varðar vinnumarkaðinn. Þá er félagsmálaráðherra heimilt með reglugerð að fela stofnuninni önnur verkefni en felast í lögnum. Í lögum um atvinnuleysistryggingar segir að Vinnumálastofnun skuli annast fjárvörslu Atvinnuleysistryggingasjóðs og framkvæmd laganna á grundvelli þjónustusammings við stjórn sjóðsins. Þá hefur stofnuninni verið falin framkvæmd laga nr. 22/2006 um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna og laga nr. 152/2006 um ættleiðingarstyrki. Samkvæmt lögum nr. 45/2007 um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra skal Vinnumálastofnun annast framkvæmd laganna innan stjórnsýslunnar.

Samkvæmt 4. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir skipar félagsmálaráðherra forstjóra Vinnumálastofnunar til fimm ára í senn. Forstjóri ræður starfsmenn stofnunarinnar og ber lagalega og rekstrarlega ábyrgð á henni gagnvart ráðherra. Samkvæmt 5. gr. laganna skipar félagsmálaráðherra tíu manna stjórn Vinnumálastofnunar að fengnum tilnefningum til fjögurra ára í senn. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar og skal forstjóri Vinnumálastofnunar sitja fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Í 10. gr. laganna segir að kjararáð skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður úrskurðað um laun forstjóra Vinnumálastofnunar. Kjaranefnd úrskurðaði síðast um laun hans 19. mars 2002. Frá þeim tíma hafa verið gerðar breytingar á lagaumhverfi því sem stofnunin starfar við auk þess sem ný verkefni hafa verið færð til stofnunarinnar. Með hliðsjón af því telur kjararáð að tilefni sé til að taka launakjör forstjórans til endurskoðunar. Við þá ákvörðun hefur kjararáð meðal annars tekið mið af launum forstjóra

Vinnueftirlits ríkisins, framkvæmdastjóra svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík og forstjóra Barnaverndarstofu.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör forstjóra Vinnumálastofnunar skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2007 skulu mánaðarlaun forstjóra Vinnumálastofnunar vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 130, nú 546.235 krónur. Að auki skal greiða honum 30 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 130 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 5.462 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjórans gilda reglur kjaranefndar frá 18. júní 2003 þar til annað verður ákveðið.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir